

Reykavík, 6. janúar, 2022.

Minnisblað

Stuðningur Reykjavíkurborgar við alþjóðlegt nám.

ÁFORM UM BYGGINGU

Landakotsskóli er með áform um að ljúka við byggingu á síðustu álmu skólans. Álman hefur þegar verið samþykkt á deiliskipulagi. Landakotsskóli er í brýnni húsnæðisþörf þar sem nemendafjöldi hefur vaxið umfram húsnæðiskost með tilkomu alþjóðlegrar deildar. Með byggingunni skapast rými fyrir fjórar nýjar skólastofur. Á átta árum hefur nemendum fjölgað úr 140 nemendum í 320, þar af eru 100 nemendur í alþjóðlegri deild sem var stofnuð haustið 2016. Með stærra húsnæði gæti fjöldi nemenda í alþjóðlegri deild farið upp í 150 nemendur. Ýmis konar tilfærsla og hagræðing hefur nú þegar verið gerð innan skólans til að nýta betur húsnæðið (samnýting stofa, lítil viðbygging og viðbótarrými sem skólinn hafði ekki til umráða áður). Nú eru allir möguleikar til hagræðingar uppnir.

ALMENNT UM SKÓLANN

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli þar sem nemendum er kennt frá fimm ára aldri og upp í 10. bekk. Árið 2005 var stofnuð sjálfseignarstofnun um rekstur skólans þar sem sitja fyrrverandi og núverandi foreldrar. Skólinn leigir húsnæði af Kapólsku kirkjunni en er að öðru leyti ekki tengdur henni. Í skólanum er lögð áhersla á öflugt tungumálanám þar sem nemendur hefja nám í frönsku og ensku í fimm ára bekk og metnaðarfullt nám í kjarnagreinum og verklegri náttúrufræðikennslu. Yngri nemendum er kennt á hljóðfæri og listnám er fjölbreytt og kraftmikið innan skólans. Lögð er áhersla á skapandi skólastarf.

Nemendum líður almennt vel í Landakotsskóla (skv. Skólapúlси og Rannsókn og greiningu) og námsárangur er góður (meðalárangur nemenda meðal þess hæsta á landinu í samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku í 7. bekk og 9. bekk og hæst í ensku í 9. bekk). Nemendahópur skólans er fjölbreyttur, nokkur hópur er með sérþarfir og bakgrunnur margs konar (34 tungumál).

Í alþjóðlegri deild er kennt samkvæmt viðurkenndri námsskrá Cambrigde samtakana og á grundvelli þjónustusamnings við Reykjavíkurborg. Alþjóðadeildin hefur vaxið úr 24 nemendum í upphafi í rúmlega 100 nemendur nú. Landakotsskóli var tekin út af Cambrigde samtökunum vorið 2016 og fékk í framhaldi leyfi til að nota námsskrá samtakanna fyrir; Cambrigde primary fyrir 5 – 11 ára, Cambrigde lower secondary fyrir 11 – 14 ára, Cambrigde upper secondary fyrir 14 - 16 ára og Cambridge Advanced fyrir 17 – 19 ára nemendur. Í maí 2019 lauk úttekt Menntamálastofnunar á alþjóðadeild skólans og í janúar 2020 tók Menntamálastofnun út þjónustusamning milli Reykjavíkurborgar og skólans. Skólinn hefur því hlotið vottanir og samþykki allra aðila til að reka alþjóðlegan skóla. Skólinn hefur hug á að bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi innan skamms og hefur verið í samskiptum við ráðuneytið vegna þess og er með hugmynd um húsnæði í eigu ríkisins sem hentað gæti þeirri starfssemi.

Það er kostnaðarsamt fyrir lítinn skóla að þróa nám í takti við alþjóðlegar kröfur en skólinn hefur ekki fengið neina styrki, einungis fast rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg. Bekkjareiningar eru enn fremur litlar í alþjóðadeild, þróunarkostnaður nokkur, námskröfur Cambrigde samtakanna eru miklar og ekki möguleiki á mikilli hagræðingu þó heildarfjöldi nemenda hafi vaxið hratt.

Ljóst er að alþjóðlegt nám í Reykjavík þjónar hagsmunum borgarinnar og er mikilvægur þáttur þess að byggja upp fjölþjóðlegt atvinnuumhverfi. Að mati Landakotsskóla er um að ræða áhugavert verkefni sem gæti nýst í víðara samhengi í íslensku menntakerfi.

Áætlaður kostnaður við nýja byggingu er kr 400 milljónir.

Með góðum kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir.